Öruggur staður til að vera á

# Brimborg ehf.

## Sjálfbærniuppgjör

2022

Brimborg ehf.
Bíldshöfða 6, 110 Reykjavík
Kt. 7012770239

# Yfirlit


Skýrsla og áritun Klappa grænna lausna hf. .................... 3
Skýrsla forstjóra .................... 4
Lykilþættir .................... 5
Uppgjör .................... 6
Rekstrarþættir .................... 6
Losunarbókhald .................... 7
Umhverfisþættir .................... 9
Umhverfisstjórnun .................... 11
Félagslegir þættir .................... 12
Stjórnarhættir .................... 15
Skipulags- og rekstrarmörk .................... 17
Skilgreiningar .................... 18
Skýringar .................... 21

# Skýrsla og áritun Klappa grænna lausna hf.

Klappir grænar lausnir hf., (Klappir) hafa aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjörs fyrir Brimborg ehf. (Brimborg). Sjálfbærniuppgjörið hefur að geyma helstu upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Brimborgar.

**Ábyrgð stjórnar og forstjóra á sjálfbærniuppgjörinu**
Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar um umhverfisþætti, samfélagsþætti, og stjórnarhætti, samkvæmt 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

**Staðfesting Klappa**
Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar sem kveða á um að framsetning upplýsinga um losun gróðurhúsalofttegunda verði að vera lýsandi, nákvæm, heilleg, samræmd og gagnsæ. Einnig hefur vinnunni verið hagað í samræmi við UNGC, Nasdaq ESG, SDG og GRI en tenging við þessa staðla er dregin fram í uppgjörinu. Þar að auki hefur verið horft til væntanlegs Evrópustaðals, Draft ESRS E-1 Climate Change.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn Brimborgar sem birt eru í sjálfbærniuppgjöri þessu vegna tímabilsins 1. janúar til 31. desember 2022, hafa verið yfirfarin og metin af sjálfbærnisérfræðingum Klappa eftir bestu vitund. Gögn tengd félagslegum þáttum og stjórnarháttum voru ekki yfirfarin af Klöppum. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

**Klappir grænar lausnir hf.**
6. mars 2023

*Sjálfbærniuppgjörið er rafrænt undirritað af Klöppum grænum lausnum hf.*

# Skýrsla forstjóra

Sjálfbærniuppgjör Brimborgar vegna ársins 2022 er gert í samræmi við UFS leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Leiðbeiningarnar eru byggðar á leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI 100-400) og meginviðmið) og alþjóðlegrar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (The Ten Principles of the UN Global Compact).

Brimborg notar stafræna tækni Klappa grænna lausna hf. til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærni félagsins.

Forstjóri staðfestir hér með sjálfbærniuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. mars 2023

**Forstjóri**
Egill Jóhannsson

*Sjálfbærniuppgjör Brimborgar er rafrænt undirritað af stjórn og forstjóra.*

## Lykilþættir

***Kolefnisuppgjör:*** Útreiknuð losun Brimborgar nam 1,712.3 tonnum koltvísýringsígilda. Losun í umfangi 1 og 2 nam samtals 458.7 t$CO_2$í.

***Orkunotkun:*** Heildarorkunotkun Brimborgar nam 11,455,772 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns -, heitavatns-, og eldsneytisnotkun. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 9,967,308 kWh.

***Lykilmælikvarðar:*** Losun per tekjur hefur lækkað um 11.3% á milli ára.

***Helstu losunarþættir:*** Stærsti útreiknaði losunarþáttur Brimborgar árið 2022 var losun vegna vöruflutninga.

# Uppgjör

## Rekstrarþættir

| Rekstrarbreytur | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | milljarður ISK | 22,91 | 29,86 |
| Eignir alls | milljarður ISK | 14,79 | 19,50 |
| Eigið fé alls | milljarður ISK | 4,08 | 5,53 |
| Fjöldi stöðugilda | starfsgildi | 226,0 | 248,0 |
| Heildarflatarmál fyrir eigin rekstur | $m^2$ | 19.026,3 | 21.126,3 |
| Fjöldi nýrra og notaðra bíla og nýrra og notaða atvinnutækja | fjöldi | 3.741,0 | 4.135,0 |

| Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Losunarkræfni seldra bíla og atvinnutækja | kg$CO_2$í/fjöldi | 395,8 | 414,1 |
| Losunarkræfni orku | kg$CO_2$í/MWst | 135,48 | 149,47 |
| Losunarkræfni starfsmanna | kg$CO_2$í/stöðu | 6.552,1 | 6.904,2 |
| Losunarkræfni eigna | kgCO2í/millja | 100.141 | 87.791,4 |
| Losunarkræfni tekna | kgCO2í/millja | 64.644,8 | 57.345,7 |
| Losunarkræfni eiginfjár | kgCO2í/millja | 362.659 | 309.614 |
| Losunarkræfni á hvern fermetra | kg$CO_2$í/$m^2$ | 77,83 | 81,05 |

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

| Orkukræfni | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Orkukræfni seldra bíla og atvinnutækja | kWst/fjöldi | 2.921,6 | 2.770,4 |
| Orkukræfni starfsmanna | kWst/stöðugil | 48.361,4 | 46.192,6 |
| Orkukræfni tekna | kWst/milljarð | 477.148 | 383.670 |
| Orkukræfni á fermetra | kWst/$m^2$ | 574,5 | 542,3 |

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

| Úrgangskræfni | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Úrgangskræfni starfsmanna | kg/stöðugildi | 2.206,4 | 2.305,5 |
| Úrgangskræfni tekna | kg/milljarður | 21.769,0 | 19.148,8 |

## Losunarbókhald

| Gróðurhúsalofttegundir | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Umfang 1 | $tCO_2í$ | 353,3 | 368,2 |
| Umfang 2 (landsnetið) | $tCO_2í$ | 86,5 | 90,5 |
| Umfang 2 (með markaðsaðgerðum) | $tCO_2í$ | | |
| Umfang 1 og 2 | $tCO_2í$ | 439,8 | 458,7 |
| Umfang 3 | $tCO_2í$ | 1.041,0 | 1.253,6 |
| Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3) | $tCO_2í$ | 1.480,8 | 1.712,3 |

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

| Mótvægisaðgerðir | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Samtals mótvægisaðgerðir | $tCO_2í$ | 0,0 | 0,0 |
| Þar af staðfestar kolefniseiningar | $tCO_2í$ | | |
| Þar af óstaðfestar mótvægisaðgerðir | $tCO_2í$ | | |

| Umfang 1 - Samsetning losunar | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 353,3 | 368,2 |
| Eldsneytisnotkun farartækja | $tCO_2í$ | 353,3 | 368,2 |

| Umfang 2 - Samsetning losunar | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 86,5 | 90,5 |
| Rafmagn | $tCO_2í$ | 15,6 | 16,2 |
| Hitaveita | $tCO_2í$ | 70,9 | 74,3 |

| **Umfang 3 - Losun á fyrri stigum** | **Eining** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| *Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 116,7 | 126,5 |
| Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar | $tCO_2í$ | 89,2 | 93,7 |
| Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar | $tCO_2í$ | 0,1 | 0,1 |
| Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu | $tCO_2í$ | 27,4 | 32,7 |
| *Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 765,7 | 942,8 |
| Flugfrakt | $tCO_2í$ | 398,1 | 463,7 |
| Sjóflutningur | $tCO_2í$ | 367,6 | 479,1 |
| *Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 38,0 | 49,9 |
| Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi | $tCO_2í$ | 38,0 | 49,9 |
| *Flokkur 6: Viðskiptaferðir* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 5,4 | 24,0 |
| Flugferðir | $tCO_2í$ | 5,4 | 23,2 |
| Gistinætur | $tCO_2í$ | | 0,7 |
| *Flokkur 7: Samgöngur starfsmanna* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 115,2 | 107,8 |
| Almenningssamgöngur | $tCO_2í$ | 2,0 | 1,3 |
| Einkabíll | $tCO_2í$ | 113,2 | 106,5 |

| **Umfang 3 - Losun á síðari stigum** | **Eining** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| *Flokkur 13: Útleigðar eignir* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | | 2,5 [1] |
| Rafmagnsnotkun | $tCO_2í$ | | 0,3 |
| Hitaveita | $tCO_2í$ | | 2,2 |

## Umhverfisþættir

| Orkunotkun | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 10.929.680 | 11.455.772 |
| Jarðefnaeldsneyti | kWst | 1.434.443 | 1.488.464 [2] |
| Rafmagn | kWst | 1.484.538 | 1.576.003 [3] |
| Hitaveita | kWst | 8.010.698 | 8.391.305 [4] |
| Bein orkunotkun | kWst | 1.434.443 | 1.488.464 |
| Óbein orkunotkun | kWst | 9.495.237 | 9.967.308 |

Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

| Orkusamsetning | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 10.929.680 | 11.455.772 |
| Jarðefnaeldsneyti | % | 13,1% | 13,0% |
| Endurnýjanlegir orkugjafar | % | 86,9% | 87,0% |
| Kjarnorka | % | 0,0% | 0,0% |

Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

| Eldsneytisnotkun | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildareldsneytisnotkun | kg | 119.475 | 124.025 |
| Bensín | kg | 47.137 | 47.034 |
| Díselolía | kg | 72.337 | 76.991 |

| Vatnsnotkun | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarvatnsnotkun | $m^3$ | 167.253 | 180.691 |
| Kalt vatn | $m^3$ | 29.138,0 | 36.013,6 |
| Heitt vatn | $m^3$ | 138.115 | 144.678 |

Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

| Samsetning raforku | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarnotkun raforku | kWst | 1.484.538 | 1.576.003 |
| Jarðefnaeldsneyti | % | 0,0% | 0,0% |
| Endurnýjanlegir orkugjafar | % | 100,0% | 100,0% |
| Kjarnorka | % | 0,0% | 0,0% |

| Aðkeyptir flutningar og dreifing | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarmagn flutt | tonn | 6.140,0 | 8.174,0 |
| Flugfrakt | tonn | 130,0 | 150,0 |
| Sjóflutningar | tonn | 6.010,0 | 8.024,0 |

| Meðhöndlun úrgangs | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarmagn úrgangs | kg | 498.647 | 571.753 |
| Flokkaður úrgangur | kg | 443.074 | 505.372 |
| Óflokkaður úrgangur | kg | 54.033 | 66.381 |
| Endurunnin úrgangur | kg | 431.597 | 509.159 |
| Úrgangi fargað | kg | 65.510 | 62.594 |
| Flokkunarhlutfall úrgangs | % | 88,9% | 88,4% |
| Endurvinnsluhlutfall úrgangs | % | 86,6% | 89,1% |

| **Viðskiptaferðir** | **Eining** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Heildarvegalengd | km | 62.131,0 | 285.367 |
| Flugferðir | km | 62.131,0 | 285.367 |

| **Gistinætur** | **Eining** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi gistinátta | fjöldi | 41 | 170 |

| **Samgöngur starfsmanna** | **Eining** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Heildarvegalengd | km | 774.611 | 961.071 |
| Almenningssamgöngur | km | 22.176 | 13.187 |
| Einkabíll | km | 716.978 | 885.444 |
| Fótgangandi / Hjólandi | km | 34.917 | 62.440 |

| **Meðhöndlun pappírs** | **Eining** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Heildarþyngd prentaðs pappírs | kg | 2.742 | 2.457 |
| Heildarmagn prentaðs pappírs | blaðsíður | 549.500 | 492.500 |

## Umhverfisstjórnun

| Umhverfisstarfsemi | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu? | já/nei | Já | Já [5] |
| Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns -, orku- og/eða endurvinnslustefnum? | já/nei | Já | Já |
| Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi? | já/nei | Nei | Nei |

Nasdaq: E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

| Loftlagseftirlit | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Nei | Já |
| Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Nei | Já |

Nasdaq: E8, E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A/B)

| Mildun loftlagsáhættu | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun | milljarður ISK | 0,73 | 1,55 |

Nasdaq: E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)

## Félagslegir þættir

| Launahlutfall forstjóra | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi | X:1 | 7,44 | 8,11 |
| Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? | já/nei | Nei | Nei |

S1|UNGC: P6|GRI 102-38

| Launamunur kynja | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna | X:1 | 0,98 | 0,89 |
| Niðurstaða jafnlaunavottunar | % | 3,00% | 0,30% |

S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| Starfsmannavelta | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| *Starfsmenn í fullu starfi* | | | |
| Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi | % | 15,1% | 13,0% |
| Frávísun | % | 2,9% | 3,0% |
| Starfslok | % | 0,0% | 0,0% |
| Starfsskipti | % | 11,9% | 10,0% |
| Fráfall | % | 0,4% | 0,0% |
| *Starfsmenn í hlutastarfi* | | | |
| Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi | % | 0,0% | 33,0% [6] |
| Frávísun | % | 0,0% | 0,0% |
| Starfslok | % | 0,0% | 17,0% |
| Starfsskipti | % | 0,0% | 17,0% |
| Fráfall | % | 0,0% | 0,0% |
| *Verktakar og/eða ráðgjafar* | | | |
| Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa | % | 0,0% | 0,0% |
| Frávísun | % | 0,0% | 0,0% |
| Starfslok | % | 0,0% | 0,0% |
| Starfsskipti | % | 0,0% | 0,0% |
| Fráfall | % | 0,0% | 0,0% |
| *Kyn* | | | |
| Karlar | % | 9,9% | 14,0% |
| Konur | % | 10,3% | 9,0% |
| *Aldur* | | | |
| <20 | % | 66,7% | 71,0% |
| 20-29 | % | 64,6% | 15,0% |
| 30-39 | % | 13,2% | 18,0% |
| 40-49 | % | 18,7% | 8,0% |
| 50-59 | % | 8,5% | 13,0% |
| 60-69 | % | 1,8% | 6,0% |
| 70+ | % | 0,0% | 0,0% |

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

| Kynjafjölbreytni | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| *Starfsmannafjöldi* | | | |
| Hlutfall kvenna í fyrirtækinu | % | 12,0% | 12,0% |
| Konur | fjöldi | 29 | 32 |
| Karlar | fjöldi | 218 | 240 |
| *Byrjenda- og millistjórnendastöður* | | | |
| Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan | % | 11,0% | 11,0% |
| Konur | fjöldi | 22 | 23 |
| Karlar | fjöldi | 174 | 186 |
| *Yfirmenn og stjórnendur* | | | |
| Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda | % | 14,0% | 15,0% |
| Konur | fjöldi | 7 | 9 |
| Karlar | fjöldi | 44 | 54 |

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| Hlutfall tímabundinna starfskrafta | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Prósenta starfsmanna í hlutastarfi | % | 1,6% | 2,2% |
| Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa | % | 0,0% | 0,0% |

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

| Aðgerðir gegn mismunun | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? | já/nei | Já | Já [7] |

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| Vinnuslysatíðni | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna | % | 1,2% | 2,0% |

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

| Hnattræn heilsa og öryggi | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu? | já/nei | Já | Já [8] |
| Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 0,186 | 0,220 |
| Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 0,006 | 0,001 |
| Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 0,043 | 0,058 |

S8|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

| Barna- og nauðungarvinna | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun? | já/nei | Nei | Já |
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu? | já/nei | Nei | Já |
| Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? | já/nei | - | Já [10] |

S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices

| Mannréttindi | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu? | já/nei | Já | Já [11] |
| Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda? | já/nei | Nei | Nei |

S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16| SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations

## Stjórnarhættir

| Kynjahlutfall í stjórn | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla) | % | 40,0% | 40,0% |
| Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla) | % | 77,0% | 81,0% |

G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)

| Óhæði stjórnar | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? | já/nei | Nei | Nei |
| Hlutfall óháðra stjórnarmanna | % | 20% | 20% |

G2|GRI: 102-23, 102-22

| Kaupaukar | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? | já/nei | Nei | Nei |

G3|GRI: 102-35

| Kjarasamningar | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga | % | 98,7% | 98,8% |

G4|UNGC: P3|SDG: 8|GRI: 102-41|SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)

| Siðareglur birgja | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum? | já/nei | Nei | Já [12] |
| Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum? | % | 0,0% | 0,0% |

G5|UNGC: P2, P3, P4, P8|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016|SDG: 12|SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)

| Siðferði og aðgerðir gegn spillingu | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum? | já/nei | Nei | Já [13] |
| Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni? | % | 0,0% | 0,0% |

G6|UNGC: P10|SDG: 16|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)

| Persónuvernd | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu? | já/nei | Já | Já [14] |
| Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? | já/nei | Já | Já |

G7|GRI: 418 Customer Privacy 2016|SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)

| Sjálfbærniskýrsla | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Birtir fyrirtækið sjálfbærniskýrslu? | já/nei | Já | Já |
| Ef já: Inniheldur sjálfbærniskýrslan kafla um félagslega þætti, stjórnarhætti og umhverfisþætti? | já/nei | - | Já |
| Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni? | já/nei | Já | Já |

G8|UNGC: P8

| Starfsvenjur við upplýsingagjöf | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? | já/nei | Já | Já |
| Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? | já/nei | Nei | Já [15] |
| Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SÞ? | já/nei | Nei | Nei |

G9|UNGC: P8

| Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila | Eining | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila? | já/nei | Nei | Nei |

G10|UNGC: P8|GRI: 102-56

# Skipulags- og rekstrarmörk

**Skipulagsmörk**
Við skilgreiningu á umfangi uppgjörsins hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir félagið grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Félagið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra. Eftirfarandi félög eru tekin með í uppgjörið.

- Brimborg ehf.
- Veltir ehf.
- Saga Car Rental ehf.
- Íslensk bílorka ehf.

**Rekstrarmörk**

**Umfang 1**
Eldsneytisnotkun farartækja: Talið að fullu
Staðbundin eldsneytisnotkun: Á ekki við
Lekalosun: Á ekki við
Losun frá iðnaðarferlum: Á ekki við

**Umfang 2**
Raforkunotkun: Talið að fullu
Hitaveita: Talið að fullu
Kæling: Á ekki við
Gufa: Á ekki við

**Umfang 3**
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta: Ótalið
Flokkur 2: Fastafjármunir: Ótalið
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi: Talið að fullu
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing: Talið að fullu
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri: Talið að hluta
Flokkur 6: Viðskiptaferðir: Talið að hluta
Flokkur 7: Samgöngur starfsmanna: Talið að fullu
Flokkur 8: Leigðar eignir: Á ekki við
Flokkur 9: Flutningur og dreifing á síðari stigum: Ótalið
Flokkur 10: Áframhaldandi vinnsla á seldum vörum: Á ekki við
Flokkur 11: Notkun á seldri vöru: Ótalið
Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru: Ótalið
Flokkur 13: Útleigðar eignir: Talið að hluta
Flokkur 14: Sérleyfishafar: Á ekki við
Flokkur 15: Fjárfestingar: Á ekki við

# Skilgreiningar

**Kolefniseining**
Kolefniseining er breytanlegur og framseljanlegur gerningur sem jafngildir magni á losun gróðurhúsalofttegunda sem dregið hefur verið úr, komið í veg fyrir eða fjarlægt með staðfestum aðgerðum samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum. Kolefniseiningar geta verið útgefnar vegna aðgerða innan eða utan virðiskeðju uppgjörsaðila.

**Losunarkræfni**
Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem t$CO_2$í á einingu (svo sem t$CO_2$í á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

**Bein og óbein orkunotkun**
Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1: bein losun) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2: óbein losun). Orkunotkunin er sett fram í kílówattstundum (kWst).

**Orkukræfni**
Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

**Úrgangskræfni**
Úrgangskræfni reiknast sem heildarmagn úrgangs deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kg á einingu (svo sem kg á starfsmann í fullu stöðugildi).

**Mótvægisaðgerðir**
Aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða ráða bót á neikvæðum umhverfisáhrifum.

**Umfang 2 (landsnet)**
Losun í umfangi 2 (landsnet) (e. Scope 2 - Location-based) er óbein losun vegna framleiðslu notaðrar orku, þar sem að losun vegna orkunotkunar er áætluð útfrá meðallosun frá viðeigandi dreifikerfi orku innan uppgjörstímabils. Miðað við aðferðafræði GHG Protocol skal fyrirtæki birta losun í umfangi 2 (landsnet).

**Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)**
Losun í umfangi 2 (með markaðsaðgerðum) (e. market-based) er óbein losun vegna framleiðslu notaðrar orku, þar sem að losun vegna orkunotkunar er áætluð útfrá samsetningu keyptrar orku miðað við markaðstæki, s.s. upprunaábyrgðir raforku. Miðað við aðferðafræði GHG Protocol er valkvætt hvort losun í umfangi 2 (með markaðsaðgerðum) sé birt.

**Lekalosun**
Bein losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið með eða án ásetnings, t.d. frá leka úr hvers kyns búnaði eða notkun vetnisflúorkolefna (HFC) í kæli- eða loftræstibúnaði.

**Aðkeypt vara og þjónusta**
Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á vöru og þjónustu keyptri af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, sem ekki heyrir undir flokka 2-8.

**Fastafjármunir**
Hráefnavinnsla, framleiðsla, og flutningur á fastafjármunum keyptum af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

**Eldsneytis- og orkutengd starfsemi**

Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti og orku keyptu af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, sem ekki heyrir undir umfang 1 og 2, þar á meðal:

- Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á keyptu eldsneyti
- Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti notuðu í framleiðslu rafmagns, gufu, hitunar og kælingar
- Flutnings- og dreifingartap orku
- Framleiðsla á keyptri orku sem er áframseld til endanotenda.

**Aðkeyptur flutningur og dreifing**
Flutningur og dreifing milli fyrirtækis og fyrsta stigs birgja vegna vara keyptum af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

Flutningur og dreifing keypt af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, þ.m.t. flutningur á vöru á innleið, útleið og á milli starfsstöðva.

**Úrgangur frá rekstri**
Förgun og meðhöndlun á úrgangi mynduðum í rekstri fyrirtækis innan uppgjörstímabils. Þessi flokkur nær bæði til úrgangs og fráveitu.

**Viðskiptaferðir**
Ferðir starfsmanna vegna viðskiptatengdra ferðalaga innan uppgjörstímabils. Dæmi um viðskiptaferðir eru flugferðir, lestarferðir, rútuferðir, leigubílaferðir, ferjuferðir og hótelnætur.

**Samgöngur starfsmanna**
Ferðir starfsmanna á milli heimilis og vinnustaðar innan uppgjörstímabils.

**Leigðar eignir**
Rekstur eigna sem leigðar eru af fyrirtæki (leigjanda) innan uppgjörstímabils sem ekki falla í umfang 1 og 2.

**Flutningur og dreifing á síðari stigum**
Flutningur og dreifing á vöru sem seld er innan uppgjörstímabils milli fyrirtækis og neytenda, ef ekki greiddur af fyrirtækinu, ásamt smásölu og hýsingu.

**Áframhaldandi vinnsla á seldum vörum**
Vinnsla á ófullbúinni vöru seldri innan uppgjörstímabils.

**Notkun á seldri vöru**
Notkunarferill vöru og þjónustu sem seld er af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

**Lok líftíma seldrar vöru**
Förgun og meðhöndlun við lok líftíma á vöru seldri af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

**Útleigðar eignir**
Rekstur útleigðra eigna í eigu fyrirtækis (leigusala) sem leigðar eru til annara fyrirtækja innan uppgjörstímabils og falla ekki undir umfang 1 og 2. Dæmi um útleigðar eignir eru útleigð atvinnuhúsnæði og bílaleigubifreiðar.

**Sérleyfishafar**
Rekstur sérleyfishafa sem ekki heyra undir umfang 1 og 2 innan uppgjörstímabils. Birt af sérleyfisveitanda.

**Fjárfestingar**
Losun vegna fjárfestinga á uppgjörsári (þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf, framkvæmdalán og önnur lán) sem ekki heyra undir umfang 1 eða 2.

**Orkustjórnunarkerfi**

Með orkustjórnunarkerfi er átt við stöðluð orkustjórnunarkerfi s.s. ISO 50001.

# Skýringar

[1] Losun vegna útleigu á hluta húsnæðis að Hádegismóum 8 er tekinn inn undir þennan flokk í fyrsta skipti árið 2022.

[2] Eldsneytisnotkun inniheldur jafnramt áfyllingar Brimborgar á útleigubifreiðar og sölubifreiðar.

[3] Raforkunotkun er áætluð að hluta miðað við gögn frá fyrri tímabilum, þar sem að gögn voru ekki tiltæk fram til loka tímabils. Notkun sem var áætluð nemur 0,07% af heildar raforkunotkun félagsins fyrir árið 2022.

[4] Heitavatnsnotkun er áætluð að hluta miðað við gögn frá fyrri tímabilum, þar sem að gögn voru ekki tiltæk fram til loka tímabils. Notkun sem var áætluð nemur 1,95% af heildar heitavatnsnotkun félagsins fyrir árið 2022.

[5] Sjá umhverfisstefnu á heimasíðu Brimborgar (https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/umhverfisstefna).

[6] Starfsmannavelta er reiknuð sem hlutfall þeirra sem hætta störfum samanborið við meðalfjölda starfsmanna yfir árið í hverjum flokki. Tímabundnir starfsmenn eru ekki teknir með í útreikningum, þar sem það er í eðli slíkra ráðningasambanda að starfslok eigi sér stað.

[7] Sjá Jafnréttisstefnu Brimborgar:
Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti. Ofbeldi eða áreitni, hvort sem er andlegt eða líkamlegt, líðst ekki og getur varðað brottvikningu úr starfi. Starfsfólk sem verður fyrir slíkri áreitni skal leita til næsta yfirmanns, mannauðsstjóra eða trúnaðarmanna til að koma málinu í farveg. (heimild:Jafnréttisstefna (útg. 6) liður 7 - https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/mannaudstefna/jafnrettisstefna)

Sjá jafnframt eftirfarandi í Gæðastefnu félagsins:
Meginmarkmið Brimborgar er m.a. að Brimborg verði eftirsóknaverðasti og öruggasti vinnustaður bílgreinarinnar og meðal þeirra framsæknustu í vinnuverndar- og jafnréttismálum á Íslandi. (Heimild: Gæðastefna Brimborgar - https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/gaedastefna-brimborgar)

[8] Sjá Jafnréttisstefnu Brimborgar:
Lögð er áhersla á að starfsfólki líði vel, aðbúnaður sé góður, fyrirtækjamenningin sé jákvæð og hvetjandi og að það sé gott að koma til vinnu. Unnið sé markvisst að heilsuvernd og heilsueflingu starfsfólks, t.d. með fyrirlestrum, þátttöku í fyrirtækjakeppnum eins og Hjólað í vinnuna á vegum ÍSÍ, flensusprautu ofl. sem tengist heilsu. Þá er lögð rík áhersla á að starfsfólk taki þátt í hvers konar umbótum í starfsemi fyrirtækisins. (Heimild: Jafnréttisstefna og markmið (útg. 6 ) liður 5)

[9] Sjá mannauðsstefnu Brimborgar (https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/mannaudstefna). Brimborg virðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hvað réttindi barna og ungmenna varðar, fer að lögum og líður ekki barnaþrælkun né nauðungarvinnu.

[10] Sjá mannauðsstefnu Brimborgar (https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/mannaudstefna). Hvort sem snýr að mannréttindum, barnaþrælkun eða nauðungarvinnu þá gerir Brimborg sömu kröfur til birgja og það samrýmist ekki stefnu Brimborgar að eiga í viðskiptum við aðila sem verða uppvísir að nauðungarvinnu, barnaþrælkun eða mannréttindabrotum.

[11] Sjá Jafnréttisstefnu Brimborgar:
2. Ráðningar og störf: Við nýráðningar og tilfærslur í starfi skal stefnt að jafnri kynjaskiptingu innan sviða og í hinum ýmsu störfum innan sviða þar sem því er viðkomið vegna framboðs. Alltaf skal þó ráða þá einstaklinga sem taldir eru hæfastir óháð kyni, nema tilgangurinn sé að stuðla að jafnri kynjaskiptingu innan sviða sbr. 12. gr. laga nr. 150/2020. (Heimild: Jafnréttisstefna og markmið (útg. 6 ) liður 2).

3. Starfsþjálfun og endurmenntun: Öll kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar sbr. 12. gr. laga nr. 150/2020. (Heimild: Jafnréttisstefna og markmið (útg. 6 ) liður 3) .

4. Þátttaka í nefndum og starfshópum: Við skipun í nefndir og starfshópa ræður fagþekking mestu um val einstaklinga, en stefnt skal að jöfnum hlut kynja þar sem því verður við komið. (Heimild: Jafnréttisstefna og markmið (útg. 6 ) liður 4).

6. Samræming vinnu og einkalífs: Lögð er áhersla á að koma til móts við starfsfólk varðandi sveigjanlegan vinnutíma þar sem því verður við komið, þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa atvinnulífs. Tekið er tillit til kvenna á meðgöngutíma, foreldra við umönnun ungbarna og óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna sbr. 13. gr. laga nr. 150/2020. (Heimild: Jafnréttisstefna og markmið (útg. 6 ) liður 6).

Sjá jafnframt Jafnlaunastefnu félagsins (https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/mannaudstefna/jafnlaunastefna-brimborgar).

Sjá að lokum eftifrarandi í ársskýrslu félagsins:
Í samræmi við kjarnagildi félagsins um virðingu, trúmennsku og umhyggju og markmið um góð mannleg samskipti gætir Brimborg þess að jafnrétti ríki á öllum sviðum. Starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana og annarra þátta. Brimborg starfar í kviku samkeppnisumhverfi sem gerir miklar kröfur til starfsfólks og kallar á stöðugar breytingar á starfseminni sem krefst vinnustaðamenningar sem tekur breytingum fagnandi. Til að byggja undir þá menningu er lögð áhersla á að allir starfsmenn hafi möguleika á framþróun í starfi, þjálfun og annarri endurmenntun. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar félagsins fari að lögum um réttindi starfsfólks síns hvort sem um er að ræða launþega eða undirverktaka. Ofbeldi eða áreitni, hvort sem er andlegt eða líkamlegt, líðst ekki og getur varðað brottvikningu úr starfi. Starfsfólk sem verður fyrir slíkri áreitni skal leita til næsta yfirmanns, mannauðsstjóra eða trúnaðarmanna til að koma málinu í farveg. Starfskjarastefna félagsins um starfskjör stjórnenda og starfsfólks hefur það að markmiði að laða að og halda í mjög hæft starfsfólk. Í stefnunni segir að kyn og aðrir persónueiginleikar sem ekki tengjast inntaki starfs eða frammistöðu í starfi skulu ekki hafa áhrif á laun eða launaþróun. Til að tryggja sanngirni og samræmi í launamálum hefur Brimborg hlotið jafnlaunavottun og hafa stjórnendur aðgang að miðlægum viðmiðum um launabyggingu félagsins á hverjum tíma og launaþróun á ytri markaði. (heimild: Ársskýrsla félagsins, Ófjárhagsleg upplýsingagjöf).

[12] Sjá innkaupastefnu Brimborgar (https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/innkaupastefna). Innkaupastefna Brimborgar byggir í megindráttum á gæðastefnu félagsins, undirstefnum og gildum sem endurspeglast í kjörorðinu “Öruggur staður til að vera á” og fer val á birgjum, verktökum og öðrum samstarfsaðilum eftir því hversu vel þeir samræmast fyrrgreindum þáttum.

[13] Stefna gegn mútum. Tilgangur Brimborgar með ‘Stefnu gegn mútum’ er að koma í veg fyrir mútur í öllu tilliti. Stjórnendum og starfsfólki Brimborgar er alfarið óheimilt að múta öðrum eða taka við mútum. Ekki er heimilt að múta í gegnum aðra eins og umboðsmenn, ráðgjafa eða dreifingaraðila.

[14] Sjá Persónuverndarstefnu Brimborgar (https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/personuvernd).

[15] Sjá mannauðsstefnu Brimborgar (https://www.brimborg.is/is/brimborg-bilaumbod/brimborg-bilaumbod/mannaudstefna). Markmið mannauðsstefnu Brimborgar tengjast nú þegar heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en Brimborg vinnur að ítarlegri formgeringu þeirrar tengingar og er sú vinna langt komin með áherslu á markmið þar sem aðgerðir Brimborgar geta skipt verulegu máli.